

## Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024/2025

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 eru í reglugerð nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=99d26334-cda0-425b-be07-dd5dc1d43dfc>). Í framangreindri reglugerð eru tilgreind almenn skilyrði fyrir úthlutun aflamark er að finna

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlaginu eftirfarandi:

### Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

### Málsmeðferð ráðuneytis

- Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarstjórn um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025.
- Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
- Ráðuneytið móttækur erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
- Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemdum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
- Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlag og undirbýr kynningu á athugasemdum.
- Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tiltekna tillögur að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðiarum er það ekki vísbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlag fyrir fiskveiðiaríð 2024/2025 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hvorrar tillögu fyrir sig með hliðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilviki fyrir sig.
- Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
  - Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.

Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnnum gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttingar og formbreytingar á tillögum sveitarstjórna ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málfars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreytingar á tillögum sveitarstjórna heldur verða slíkar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórn.
- Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrirmæli um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

### Afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að **ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávik eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr.** reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025.

**Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

|  |   |
|--|---|
| <b>Sveitarfélag:</b>   | Húnabyggð   |
| <b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>   | Tillagan varðar úthlutun í byggðarlaginu Blönduós   |
| <b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>   | Lagt fyrir og samþykkt á fundi sveitastjórnar Húnabyggðar dd.02.2025.   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>   |   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>   | Ekki eru tillögur um breytingar á ákvæðum 1.gr  |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>   | Á ekki við.   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                                      |   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                                      | Ekki eru tillögur um breytingar á ákvæðum 4.gr  |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                                | Á ekki við.   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>   |   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>   | Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1.mgr 6.gr reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í Blönduóshöfn og eða Skagastrandarhöfn.<br>Á 1.<br>Undanþága verði jafnframt veitt frá afli skuli nema tvöföldu magni þess aflamarks sem úthlutað er samkvæmt ákvæði 1.mgr 6.gre reglugerðarinnar  |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>                                   | Forsendur þess að sveitastjórn fari fram á undanþágu frá vinnsluskyldu er að ekki er rekin fiskvinnsla á Blönduósi. Allur fiskur sem landað er á Blönduósi og eða á Skagaströnd hefur undanfarin ár verið landað á fiskmarkað og ekki útlit fyrir breytingar á því. Með undanþágu frá vinnsluskyldu má líta svo á að ekki sé grundvöllur fyrir mótframlagi útgerðaraðila á hráefni til vinnslu sem ekki er til staðar og eða starfrækt í sveitarfélaginu. |
| Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á töluþóttfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> . |   |